

# Rætt við fólk á sýningu Errós

„Áður fyrr var það Kjarval, nú er það Erró,“ sagði eldri frú brosandí á sýningu Errós að Kjarvalsstöðum, en þar virðist lítið lát á ösinni, hvort sem er um helgar eða virka daga, í sólskini eða rigningu.

Íslendingar hafa tekið Erró opnum örmum og hvort sem þeir eru undrandi eða hneykslaðir, hrifnir eða ánægðir, eru þeir flestir yfir sig stoltir af listamanninum „sínnum“ eða ekki gat Morgunblaðið séð betur, þegar það brá sér á vettvang nú í vikunni. Að minnsta kosti varð ekki á vegi þess maður með svipada afstöðu til sýningarinnar og auðugur Bandaríkjamatur frá Alaska sem gekk út af henni og hafði að orði að ennþá skini sól í heidi.

Fólk á öllum aldri virðist sækja sýninguna, allt frá kornabörnum til eldra fólks. Í miðri viku þegar ösin er minni fer fólk sér rólega, labbar um með sýningarskrána, tyllir sér á bekkina í salnum eða fær sér kaffi.

Ungur maður í gulri regnkápu stóð brosandí og virti fyrir sér mynd númer 119 af Che. Hann heitir Hallgrímur Thorsteinsson og er við nám í blaðamennsku í Portland, Oregon í Bandaríkjunum. Hallgrímur sagði um sýninguna: „Mér finnst hún æðisleg. Hún undirstrikar sérstaklega heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og litadýrðin... maður! Ég vildi helst geta haft með mér góða myndavél og eyða síðan viku í vangaveltur yfir myndunum.“

Sumar myndanna finnast mér þó ofhláðnar, þær eru svo ákafar. En vissulega er þetta samtímalýsing og áróður, nauðsynlegur áróður. Sjálfur hef ég séð Bandaríkin og get því ekki hneykslað á myndaröðinni af „Bandarískri búsaeld“. Mér finnst ég verða var við greinileg bandarísk áhrif hjá listamanninum.

Þá eru myndirnar af Kínverjunum frábærar. Þeir eru gerðir miklu fallegri en þeir eru í raun — og Hallgrímur heldur ferð sinni áfram um salinn.

Hjónin Sigríður Ingvarsdóttir og Skúli Sveinsson fyrrverandi lögregluvarðstjóri sátu á bekk og horfðu á mynd númer 144, sem ber nafnið Ísrael (Krokodil). „Þetta er alveg stórkostleg sýning,“ sagði Sigríður. „Sögulegar heimildir sem þarf góðan tíma til að melta.“ Skúli tók undir og sagði: „Afskaplegt vinnubrek sem Guðmundur hefur að geta afkastað þessu öllu.“ „Það er mikið grín í myndunum,“ sagði Sigríður. „Þær eru afskaplega pólitískar og svo er klám í þeim,“ bætti hún við hálfhlæjandi. Skúli tók undir: „Já, töluvert klám.“ „Ætli það sé ekki nútíminn,“ sagði Sigríður. „Maður fylgist ekki með.“ „Já, það er viðbúð,“ svaraði Skúli. „Annars getur maður ekki annað en hlegið að þessari mynd,“ sagði Sigríður og benti á mynd númer 144. „Þar sem þessi Gyðingur er að gefa barni í hermannabúningi brjóst og brjóstið er peningasekkur.“ „Já, ég hef heyrt að sumar miðaldra konur fari hjá sér þegar þær skoða þessa sýningu,“ sagði Skúli rólega.

„Þetta er mjög merkileg sýning,“ sagði Guðmundur Örn Ragnarsson kerfisfræðingur. „Hún segir miklu meira heldur



Hallgrímur Thorsteinsson.



Hjónin Sigríður Ingvarsdóttir og Skúli Sveinsson.




Karl Helgason, Bjarni Pálsson, Margrét Helgadóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir.




Þorgeir Magnússon



Vigdís Jakobsdóttir



Þessi snáði var á sýningunni þótt hann sneri að vísu baki í myndina „Amsterdam“ og horfði inn í ljósopið hjá Fríðbjófi ljósmyndara um leið og hann fletti sýningarskránni.



Guðmundur Örn Ragnarsson



Atli Konráðsson



Karl Kristjánsson



Hannes Jóhannsson og Kristín Einarsdóttir



Haraldur J. Hamar

## Sýning- in verkar á mig eins og fallegr tónlist.

en þessar sýningar á landslagsmyndum sem maður á að venjast. Jú, myndirnar eru pólitískar en það er ekki hægri eða vinstri pólitík heldur ádeilupólitík. Annars finnst mér vera ofurlítill persónudýrkun í þessu líka. Það er augljóst að Erró dýrkar Van Gogh, til dæmis, og fleiri. Þá finnst mér anzi mikið háð í þessu hjá honum,“ sagði Guðmundur.

Þorgeir Magnússon flugmaður hafði að orði hversu góð sýningin væri, þá sérstaklega handbragð Errós og túlkun í myndunum. „Það er athyglisvert hvernig hann tekur þjóðfélagsmál fyrir, bæði liðins tíma, nútímans og framtíðarinnar. Hann hefur mjög sérstakan stíl. Erró fer nú sennilega í hóp þeirra beztu sem ég hef séð.“

Á Erró sýningunni er krökkt jafnt af körlum sem konum, þó var það því miður áberandi er Morgunblaðið leitaði álits fólks að kvenfólki vildi sjaldnar gefa færi á sér og segja sitt álit. Tvær miðaldra frúr stóðu og horfðu á myndina af Allende, forðaði önnur sér hið skjótasta og sagðist ekkert vilja láta hafa eftir sér í blöðum. Vigdís Jakobsdóttir sagði hins vegar innilega: „Þetta er alveg stórkostleg sýning. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Áður fyrr var Kjarval í mestu uppáhaldi hjá mér en héðan í frá er það Erró. Maður þarf að taka sér góðan tíma í að skoða þessa sýningu. Bæði eru myndirnar svo margar og svo margar myndir í einni mynd.“

Þetta er önnur hringferðin mín um salina. Þetta er yfirbyrmandi,“ sagði Vigdís að lokum.

„Dásamleg sýning,“ sagði Karl Helgason fyrrverandi póst- og símamálastjóri sem sat við borð ásamt mági sínum, systur og dóttur þeirra.

„Hún verkar á mig eins og falleg tónlist. Ég sé enga pólitík í henni og finnst hún ekkert erótískari en hún má vera. Ég hafði gert mér nokkra hugmynd um hana eftir lestur nýútkominnar bókar um Erró en nú þegar ég sé hana ljóslifandi fyrir mér finnst mér hún dásamleg.“

Bjarni Pálsson byggingafulltrúi á Selfossi og mágur Karls kváð sýninguna mjög fróðlega. Kona hans og dóttir vildu ekki fella dóm um sýninguna, sögðust láta karlmennina um það.

Kristín Einarsdóttir og Hannes Jóhannsson starfsmaður hjá íslenska sjónvarpinu kváðu sýninguna mjög óvenjulega. Kristín hafði að orði að hún væri jafnframt dálítið ruglingsleg. „Ég er ekkert yfir mig hrifin,“ sagði hún. „Mér finnst sumar myndirnar hafa óþægileg áhrif, sérstaklega allar þessar hasarmyndir. Nei, ég vildi ekki eiga neina af þeim myndum sem ég hef séð hér. En gaman hef ég af sýningunni samt.“ Hannes sagði það svolítið merkilegt hversu fyrri myndir listamannsins væru öðruvísi en þær síðari og hversu þær síðari væru miklu skemmtilegri.

Tveir nemar frá Menntaskólanum á Laugavatni, þeir Atli Konráðsson og Karl Kristjánsson, sögðu: Þessi sýning er mjög góð. Virkilega vönduð. Sérstaklega finnst okkur góð þessi númer 26 (Við messu) af svininu við altarið. Erró er alveg örugglega beztu íslenski málariinn.“

Haraldur J. Hamar: „Sjáðu, ég er of nátengdur þessari sýningu til að geta felld nokkurn dóm.“ Síðan hlæjandi: „Ég er að selja bók hér um Erró. Annars finnst mér viðbrögð fólks við myndunum mjög jákvæð. Ég hef orðið var við bæði undrun og hrifningu.“